

GJALDSKRÁ**Rafveitu Akureyrar.****RAFORKUVERÐ.**

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 770,00		4,32
A2 Almenn notkun. Öll almenn notkun ótalin annars staðar	1 770,00		4,92
A3 Mannvirkjagerð	1 770,00		6,95
Afltaxtar.			
B1 Afl- og orkumæling	3 540,00	6 132,00	1,34
B2 Sértaxti Gefjunar	3 540,00	6 219,00	0,73/0,65
B3 Afl- og orkumæling	3 540,00	4 906,00	1,07
Hitataxtar.			
C1 Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	3 540,00		1,59
C2 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	3 540,00		1,33
C3 Órofin hitun	3 540,00		3,41/2,14

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm ²	Málstr. A.	Heimtaugargjöld	
		220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	8 420,00	8 420,00
3× 10	63	31 135,00	31 135,00
3× 50	125	48 819,00	51 260,00
3× 95	200	73 228,00	101 909,00
3× 150	260	92 756,00	130 590,00
3× 240	315	122 047,00	170 866,00
3× 300	400	158 661,00	219 648,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	5 663,00	836,00	10 609,00
63 A 3-fasa	7 929,00	836,00	12 316,00
100 A 3-fasa	8 353,00	1 105,00	14 158,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 634,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 634,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafl í ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

- A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
- A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
- A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári. Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfplatargjald, 71,00 kr/m².
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfplatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
- B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
- B3 Taxti fyrir dælingu á heitu vatni. Án söluskatts.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu kl. 08 til 23.
- C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 39, 22. janúar 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1988.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sérþjónustu í stafræna símakerfinu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

1. Stofngjald.

Skráningargjald kr. 500 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmara við flutning.

2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt árfjórðungsgjald eða sérstakt notkunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

2.1 Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

2.2 Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.3 Símtalsflutningur. Afnotagjald fyrir hvern eftirtalinn kost kr. 120 á ársfjórðungi.

a) Öll símtöl eru flutt.

b) Þegar númerið er upptekið.

c) Þegar ekki er svarað.

2.4 Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinn kostar er kr. 120 á ársfjórðungi:

a) Föst læsing í símstöð.

b) Læsing með lykilorði.

2.5 Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.6 Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi fyrir:

a) Hringingu samstundis.

b) Hringingu eftir 6 sekúndur.

2.7 Þriggja manna tal. Þrjú geta talast við í einu. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.8 Samtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.9 Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti, svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum sbr. 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.